

*Yfirlýsing frá heildversluninni Karl K. Karlsson,  
20. janúar 2006.*

## **Krydd innkallað vegna ólöglegs litarefnis**

Samkvæmt ábendingu matvælaeftirlits umhverfissviðs Reykjavíkurborgar hefur heildverslunin Karl K. Karlsson ákveðið að innkalla kryddtegundirnar Rajah Mild Curry og Rajah Hot Curry í 100 g dósum úr öllum verslunum.

Í ljós hefur komið að snefill (0,99-1,5 mg/kg) af litarefninu Súdan er í dósum úr þremur framleiðslulotum, sem merktar eru með síðasta söludegi 30.06.2007, 30.07.2007 og 31.07.2007. Strangar reglur gilda um viðmiðunarmörk á þessu efni í matvöru hérlendis.

Frekari dreifing vörunnar hefur þegar verið stöðvuð. Umrædd kryddtegund á nú hvergi að vera lengur til sölu. Innflutningur vörunnar hefur sömuleiðis verið stöðvaður á meðan skýringa er beðið frá framleiðanda. Innflutningur verður ekki hafinn að nýju fyrr en tryggt er að umrætt litarefni sé undir leyfilegum viðmiðunarmörkum.

Heildverslunin biður kaupendur vörunnar velvirðingar á þeim óþægindum sem þeir kunna hugsanlega að hafa orðið fyrir vegna þessa. Jafnframt eru þeir hvattir til þess að skila sem allra fyrst Rajah Mild Curry og Rajah Hot Curry í 100 g dósum með fyrrgreindum dagstimplum. Tekið er við dósunum hjá heildversluninni Karl K. Karlsson ehf., Skútuvogi 5, 104 Reykjavík.

Frekari upplýsingar um litarefnið Súdan er hægt að nálgast á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is).

*Nánari upplýsingar:*

*Bára Einarsdóttir, markaðsstjóri heildverslunarinnar Karl K. Karlsson,  
sími 540 9003 / 822 9203*